7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikninga í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Allar tekjur félagsins skulu renna í einn sjóð. Sjóðurinn skal vera í umsjá gjaldkera félagsins. Arð af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá eða honum skal varið til þeirra verkefna innan afréttardeildanna sem félagsmenn telja nauðsynleg á hverjum tíma, samkvæmt ákvörðun aðalfundar. Heimilt er að krefja félagsmenn um árgjöld til félagsins, samkvæmt ákvörðun aðalfundar til eins árs í senn.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar viðurlögum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

10. gr.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt 52. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytinu, 5. júní 2001.

Guðni Ágústsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

5. júní 2001 Nr. 452

SAMÞYKKT

fyrir veiðifélag Gufudalsár.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Gufudalsár. Heimili þess og varnarþing er að Gufudal, Reykhólahreppi, Austur-Barðastrandarsýslu.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að vatnasvæði Gufudalsár og Álftadalsár, frá upptökum til ósa, en þær eru: Gufudalur, Fremri-Gufudalur, Brekka, Hofsstaðir, Skálanes og Gróunes.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og að ráðstafa veiði eftir því sem aðalfundur ákveður. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu. Einnig að stuðla að góðri umgengni um vatnasvæðið og koma í veg fyrir að verklegar framkvæmdir eða önnur starfsemi skaði lífríki þess.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandi eftir tvö ár og hinn eftir þrjú ár og helst svo sama röð áfram.

Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu nema sérstök forföll hamli eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo skoðunarmenn reikninga til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar skoðunarmaðurinn gangi út annað árið og hinir hitt árið.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins sem vinna þarf á hverjum tíma og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum. Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu nema með skriflegu leyfi félagsstjórnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. gr.

Aðalfund skal halda í aprílmánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiða gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð. Árgjöld til félagsins skulu ákveðin á aðalfundi ár hvert.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar viðurlögum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum.

10. gr.

Samþykktum þessum má ekki breyta nema á aðalfundi með 2/3 atkvæða félagsmanna, sbr. 56 gr. laga um lax- og silungsveiði.

11. gr.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt 52. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytinu, 5. júní 2001.

Guðni Ágústsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.